

Raforkumálastjóri  
Vatnamælingar

Skilagrein 253

GÖNGUSKARDSSÁRÍSAR

Rvík, 10. des. '62  
S.Rist

Raforkumálastjóri  
Vatnsmelningar

Gönguskarósárisar

Hinn 29. nóv. s.l. fórum við þrír að athuga íss Gönguskarós-ár:

Sigurður Thoroddsen

Gunnar Sigurðsson

og undirritaður

Fórum úr Reykjavík síðla dags 29. nóv. og komum aftur kl. 1. 1. des. Þarartskíð var R-2283.

Læt myndir lýsa ísalögum. Tel óhætt að fullyrða, að hér var ekkert óvenjulegt á seyði.

Tvar þrepahlaupsspyjur hafa komið ú lónið og svo hefur óverulegt fóli lagzt yfir.

Hinn 30. nóv., þegar myndirnar eru teknar og við dvöldum ásamt Hákoni rafstöðvarstjóra við inntaksstífluna var loft-hiti 1 til 2 °C. Ekkert ísskrið var í sínni. Krakað hafði verið undanfarna daga frá inntakinu og þar var 3 - 4 m breið auð geil, að 55ru leyti var lónið fullt að mestu af ósaman-frostnu krapi og jöklum. Rafstöðin hafði nágilegt vatn.

En erfiðlega hafði gengið að halda inntakinu óstífluðu, þ.e.a.s. ógjörlegt við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru var að hreinsa hrúaldið ú lóninu. Réði þar mestu að botnlokan náiðist ekki upp. Hún varð ekkihreyfð nema um 2-3 cm, var með öðrum orðum ekki frosin föst, en krsp eða í f fölsuðum kom í veg fyrir að hún yrði dregin upp. Hákoni rafstöðvarstjóra var hugleikið að sýna Sig. Th., hvað komizz yrði með lökuna og ræddu þeir um úrbastur. Það er árföndi fyrir rafstöðina að hafa botn-lokuna í lagi, sökum þess að eina leiðin til að hreinsa lónið er hin svo kallaða "útskolunaraðferð - dregið niður í lóninu og hækkað á víxl. En hún nær ekki tilstöðluðum árangri ef ísgrauturinn nær að frjósa saman. Hinn 20. nóv. var ís-massinn ófrosinn saman og þófa í aðsigi, svo að útlitið var

gott, en helzt þó frost í rafstöðvarstíflunni. Virkismyndun var með fram veggjum inntaksþróar við yfirborð vatns (inni í þróná). Á inntaksriatum lá ía f í óvirknismyndunarástandi. Þat var nauðsynlegt fyrir reksturinn að geta hreyft botnlokuna eftir vild og hefja útskolun, súur en forstharka skylli yfir á ný.

Eftirtektarvert var að jakar voru í meiri hluta á lóninu næst rafstöðvarstíflunni, en því sem fjar dró atíflunni bar stöðugt meira og meira á samanþjóppuðum krapa, mynduðum úr skriði. Leit út fyrir að jakarnir varu úr ía, sem brotnað hafði upp á lóninu. Hákon var okkur þrímenningusum sammála um það atriði, en taldi hins vegar að mikil magn af jökum hafi borizt með flóðgusum fram yfir yfirföllin. Neðan atíflunnar sáust hvergi vegsummerki eftir jakagang þ.e.a.s. engar rastir höfðu hlaðist þar upp né einstakir jakar strandað. Við þrímenningarnir héldum því fram að harla litlum ía hafi skolað fram yfir stífluna, þetta var eina atriðið, héld ég mér sé óhatt að segja, sem við "ísexpertarnir" vorum Hákonni ósannála.

Með fram rafstöðvarlóninu sjálfu og á bökkum árinna upp að Skollatungu (lengra var ekki kannað voru ruðningsrastir mjög greinilegar. Hvort eittverð jakaslangur hefur borizt fram yfir stífluna eða ekki er óhatt að staðhefa:

1. ÞREPAHLAUPIN HAFÐA DÁID ÚT I RAFSTÖÐVARLÓNID
2. MAGN ÞEIRRA AF ÍS HEFUR NEOT TIL AD FYLLA LÓNID

Þrepahlaup koma venjulega, þegar dregur úr frosti og árnar eru "hálfrostnar", sem kallað er. Við hittum Helga bónda Magnússon í Skollatungu. Hann er kunnugur ánni og lýsti fagangi hennar í frostum á vetrum. Ekkert nýtt kom fram nema helzt það, að hann taldi hlaupin eiga upptök sín skammt neðan við bolgrur nokkuð inni á dalnum. Mjög sennilegt. Lýsing Helga var staðfesting á því sem súur var vitað um Gónguskaróss. Eitt til þrjú á vetri breytilegt eftir tíðarfari.

Ekki er ráðlegt að benda á nokkra aðgerð við rafstöðvarstífluna, röskun það yrði of kostnaðarsöm, t.d. hækjun stíflunnar e.s. frv.

Aðeins þetta:

1. Halda inntaki og inntaksristum hreinum, þegar vetur gengur í garð.
2. Hafa sérstakan andvara á gagnvart prepahlaupum, þegar frostlína er í fyrstu frostaköflum vetrarins.
3. Eftir prepahlaup. Taka álagið af vélunum, sem frekast er unnt(fari það ekki af sjálf) og hefja útskolun strax um botnloku.
4. Áskilegt er að hafa skerm yfir stíflumannvirkjum í smáum til að draga úr kælingu. Það hefur í főr með sér of mikinn kostnað nema tekið sé tillit til þess í upphafi. Hitabelg stíflunnar yrði minna, ef hún er höfð dökkt að lit.
5. Það dregur verplega úr kælingu botnlokunum, ef stútur er settur á botnristaropíð og því lokað t.d. aðeins með ómerkilegum fleka, sem brjóta má auðveldlega, reynist hann klökugur og frosinn fastur, þegar grípa þarf til útskolunar.
6. Krap, sem kemur úr lóninu og þjappast saman í föslunum þarf botnlokan að skafa frá (inn í lónið) um leið og hún er dregin upp.

Það er haugt að koma í veg fyrir, að fimmassi prepahlaupanna berist niður í rafstöðvarlónið. En það kostar að byggja 6-7 m háa stíflu efst við Z-beygjuna í Göguskarössá 200-300 metrum ofan við ármótin við Kálfá. En spurningarnar eru tvær: Hvað veldur ísgrauturinn reksturinn miklu tjóni?, og hvað kostar slið stífla?

Hér  
vantaðar  
myndirnar

Stíflan  
A myndinni sést  
botnarásaropið,  
sem bent er á að  
loka þurfi til  
varnar gegn frost-  
hættu.

Aðalýfirfall  
Vatnsstaðan hefur  
greinilega verið  
hærri, sjá jaká,  
sem rísa upp á  
rönd við Kletta-  
vegginn.

Hér  
vantaðar  
myndirnar

Lónið

Myndin tekin inn  
gilið frá bílnum  
sjá myndina hér  
að neðan (Gunnar  
Sig á myndinni til  
vinstri)

Lónið


Myndin tekin af  
stíflunni (göngu-  
brúnni)

Hér  
vantað  
myndinnar

Efsti hluti lönsins

Myndin er tekin niður gilið. Rafstöðvarstíflan er örskammt neðan við staðinn þar sem gilið lokast. Þin fellur inn í lónið frá vinstri (auð). Í forgrunni er eyri þakin fahröngli nýr þepahlaupi sömuleiðis er fahröngli á eyri undir hamraveggnum til vinstri.

Hrönn greinileg með fram lóninu, einkum þó hægra megin. Með lekkandi (breytilegri vatnast.) hefur sín skolað út söalrásina, sem er nú þakin lagnasáarfs, sem er að tærast á ný.



ístruflun við Gönguskarósárvirkjun

nóvember 1962

Fimmtudaginn 29. nóvember var Raforkumálaskrifstofunni gert aðvart, að óvenju mikil ístruflun væri við Gönguskarósárvirkjun. Þrepahlaup hafði komið í ána og fyllt lónið ofan við stífluna af ís. Raforkumálastjóri fór þess á leit við þá Sigurjón Rist, Sigurð Thoroddsen og Gunnar Sigurðsson, að þeir fáru á virkjunarstað og athuguðu aðstæður. Lögðu þeir af stað samdægurs og komu að virkjuninni littlu eftir miðnætti. Morguninn eftir voru svo allar aðstæður athugaðar, farið að lóninu og upp með ánni. Um kl. 14.30 var síðan lagt af stað til Reykjavíkur og komið þangað um kl. 1.30 aðfararnótt laugardagsins 1. desember.

Gönguskarósá er lítil dragá, venjulegt rennsli milli 3 og 5  $m^3/sec$ . Áin er virkjuð fyrir Sauðárkrók og nálæg héruð. Um 6 metra há stífla er í ánni og lítið lón bakvið hana. Aurburður er töluverður í ánni, áætlaður milli 5 og 10 þúsund teningsmetrar á ári. Lónið hefur því fyllst að miklu leyti af aur, en nýlega er búið að hreinsa úr því að nokkru.

Inntaksmannvirkin eru byggð þvert á miðja stífluna. Norðan við þau er opið yfirfall. Botnloka er á stíflunni, staðsett þannig, að rennsli um botnlokuna hreinsar aur frá inntaksristnum.

Inntaksmannvirkin eru byggð þvert á miðja stífluna. Norðan við þau er opið yfirfall. Botnloka er á stíflunni, staðsett þannig, að rennsli um botnlokuna breinsar sur frá inntaksristunum.

Dagana fyrir hlaupið hafði verið lagnaðarís á lóninu um 10 til 15 sentimetra þykkur. Hlaupið hafði brotið upp pennan í og ýtt honum upp í hrannir, m.a. við norðurbakkann og í lóninu sunnan inntakshússins. Vestan við inntakshúsið og yfirfallið var slétt breiða laus við allar íshrannir. Þessi flötur var þakinn þunnum snjó og erfitt að sjá hvað þar var undir, en það mun hafa verið botnfastur krapaís. Vestan við pennan flöt þengist lónið tölувert og í þessum þengslum höfðu jakarnir af lóninu ýtzt upp í bogamýndaða íshrönn sem myndaði eins konar bogastíflu úr ís þvert yfir lónið. Ofan við þessa ísstíflu voru samfelldar íshrannir, og urðu jakarnir smágerðari eftir því sem ofar dró í lóninu.

Þó lónið væri fullt af ís, stíflaðist ekki rennsli árinnar. Vatnið rann í gegnum íshrannirnar og krapafyllurnar og kom upp undan ísnum nálægt inntaksristunum. Erfiðlega hafði gengið að halda ristunum hreinum. Krapi vildi setjast á þær og stífla þær. Botnlokan var frosin föst og ekki hægt að hreyfa hana. Töluberður ísklammi hafði safnast á yfirlöðlinn.

Ofan við lónið rann án milli skara. Mikill grunnstingull var í ánni og voru langir kaflar þar sem án rann

ofan á ísi böktum árbotninum. Viðast hvar hafði hlaupið skilið eftir kurlís ofan ofan á skörunum.

Neðan við stífluna rann áin milli skara, en enginn kurlís var sjáanlegur ofan á þeim. Það leit því út fyrir að enginn ís hefði farið yfir stífluna.

Istruflun sú, sem hér um ræðir orsakaðist af svonefndu þepahlaupi. Ísstíflur myndast í ánni með stuttu millibili þannig að áin rennur um smá lón á milli ísþrepa. Þessar ísstíflur eru einna líklegastar til að myndast, þegar áin er auð, en grunnstingull í botni. Ísjakar eða krap festast við grunnstingulinn þannig, að smá eyjar myndast í ánni, sem síðan vaxa og stífla ána. Þessar stíflur halda síðan áfram að stækka, uns vatnsþrýstingurinn er orðinn það mikill, að þær brotna, eða frostlina kemur, sem minnkar styrkleika stíflunnar. Þegar ein stífla brestur myndast flóðbylgja, sem skellur á næstu stíflu fyrir neðan og brýtur hana, og svo koll af kolli. Þessi hlaup flytja með sér mikinn ís.

Eins og áður er sagt þá er þepahlaup flóðbylgja, sem fer niður ána og vex stöðugt eftir því sem fleiri ísstíflur bresta. Þar sem þetta er ein bylgja en ekki samfellt flóð, þá má búast við, að vatnsmagnið sé tiltölulega lítið. Hinn snöggi þrýstingsmunur á ísnum, þegar bylgjan skellur á hann, ásamt þeim skerkröftum og dragkröftum, sem stafa af hraða vatnsins í bylgjunni, valda því, að ísinn brotnar og flyzt fram. Þannig er það að öllum líkendum vatnið, sem brýtur

upp ísinn, en ekki hreyfiorka þess ísruðnings, sem bylgjan ber með sér.

Bylgjan heldur áfram, uns hún kemur að stíflugarðinum, en þaðan speglast hún, p.e.a.s. snýr við og heldur upp lónið, uns hún eyðist við grjótbakka og grynnigar. Ef vatnið í lóninu er það hátt, að mestur hluti bylgjunnar geti farið beint yfir yfirlifallið, minnkar speglunin að mun, en hverfur þó varla alveg. Ekki er ólíklegt, að þessi speglun eigi sinn þátt í að stöðva ísskriðið á lóninu og hlaða ísnum upp í hrannir.

Ístruflanir af völdum þepahlaupa má fyrirbyggja, í fyrsta lagi með því að hafa uppistöðulónið það stórt, að það geti tekið við og geymt allan þann ís, sem áin ber fram, og í öðru lagi með því að hanna stíflu, lón og yfirlöll þannig, að ísinn haldi áfram yfir stífluna, en setist ekki að í lóninu. Við Gönguskarðsá er hvorug þessara aðstæðna fyrir hendi. Eins og áður er sagt, var lónið upphaflega lítið, og hefur síðan fyllst að töluverðu leiti af aur. Ekki virtist heldur neitt af ísnum hafa komið yfir stífluna. Ógerningur er að stækka lónið nema með ærnum tilkostnaði. Hins vegar er hugsanlegt, að hægt sé að haga rekstri stöðvarinnar þannig, að stór hluti þess íss, sem berst inn í lónið, haldi áfram yfir stífluna.

Ístruflanir eru margs konar og eðli þeirra mismunandi.

Ráðstafanir til að draga úr áhrifum einnar tegundar af ístruflunum, geta því leitt til að auka óþægindi af annars konar truflunum. Þannig er til dæmis mjög æskilegt að hafa uppistöðulón þakin ís til að fyrirbyggja virka ísmyndun í lóninu og stöðva flutning á krapaís að inntaki og lokum. Hins vegar er mjög vafasamur ávinnungur að hafa lítil uppi-stöðulón þakin ís, þegar búast má við þepahlaupi. Þetta dæmi bendir á nauðsyn þess að rannsaka gaumgæfilega og tölulega allar aðstæður, áður en ráðist er í einhverjar þær breytingar á rekstri stöðvanna, sem miðast eiga við að minnka ístruflanir. Einnig er skilyrðislaus nauðsyn að fylgjast tölulega með áhrifum rekstrarbreytinga á skaðsemi ístruflana. Sé það ekki gert, þá eru allar tilraunir til úrbóta sjálfdauðar vegna meðfæddrar tregðu manna til að breyta háttum sínum og venjum. En þó að tölulegar undirbúningsrannsóknir þurfi að gera, áður en byrjað er á nokkrum breytingum þá langar mig á þessu stigi málsins til að benda á tvær hugsanlegar leiðir til að draga úr ístruflunum af völdum þepahlaupa:

(1) að hafa lónið íslaust, og (2) að halda vatnsyfirborðinu sem hæstu, þegar þepahlaup kemur.

Bent var á það hér að framan, að 10 til 15 cm þykkur ís hafi verið álóninu, þegar þepahlaupið kom í Gönguskarósá. Hlaupið braut pennan ís og hlóð honum upp í hrannir m.a. þannig, að bogamynduð ísstífla myndaðist yfir lónið nokkru ofan við stífluna. Af ísnum, sem fyllti lónið, þá voru jakarnir úr ísnum, sem áður þakti lónið, lang veigamestir.

Ef gerður hefðu verið ráðstafanir til að sprengja lagnaðar-ísinn af lóninu og koma honum yfir stífluna áður en hlaupið kom, þá hefði í fyrsta lagi verið tölувert minni ís í lóninu, og í öðru lagi hefði sá ís, sem eftir var, verið kurlís og krap, sem auðveldara hefði verið að losna við t.d. með því að opna botnloku (sé hún ófrosin).

Ef lónið er fullt, pégar hlaup kemur, þá er í fyrsta lagi meira dýpi á lóninu og því minni hætta á, að ísinn strandi og hrannist upp, og í öðru lagi yrði minni speglun flóðbylgjunnar frá stíflunni. Það má reikna með, að stærri hluti ísskriðsins fari áfram yfir stífluna, ef lónið er fullt.

Frumskilyrði bess, að hægt sé að haga rekstri aflstöðva þannig, að íshættan verði sem minnst, er að hægt sé að segja til með nokkurri vissu, hvenær búast megi við prepahlaupi eða öðrum þaím fyrirbærum, sem orsaka ístruflanir. Nú er það svo, að orsakir prepahlaupa má rekja til undangengis veðurfars og rennslissérkenna. Með því að fylgjast með veðrinu og rennslinu í ánni ætti að vera hægt að segja fyrir um, hvenær aðstæður séu örðnar þannig, að hætta sé á prepahlaupi. Pégar svo er komið, ber að gera nauðsynlegar varúðaráðstafanir til að taka á móti hlaupinu t.d. að sprengja ísinn af lóninu og haga rekstri stöðvarinnar þannig, að vatnsborði lónsins sé haldið sem hæstu.

Spár um prepahlaup, sem byggðust á veðurlýsingum og rennslisathugunum, yrðu að öllum líkendum þannig, að pégar

vissar aðstæður eru fyrir hendi, þá megi búast við prepana hlaupi hvenær sem er. Til að vara við hlaupi þá yrði að koma upp tækjum, sem getu gefið til kynna, að hlaup væri myndað í ánni. Þannig mundi fást nokkur tími til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að taka á móti hlaupinu. Meðfylgjandi er riss af teki, sem gefið gæti til kynna, hvenær hlaup er á leiðinni niður ána. Þetta teki kalla ég flóðbylgjuvara.

Flóðbylgjuvarinn er "manometer" fylltur af kvikasilfri. Annar armurinn er opin skál sem komið yrði fyrir niðri í ánni. Hinn armurinn er mjótt rör og nær opni endinn upp fyrir hugsanlegar vatnsborðshækkanir í ánni. Í þetta rör er tengdur annar endi rafmagnsvírs, Hinum endanum er komið fyrir inni í rörinu þannig, að hann sé einangraður frá því. Endinn mundi vera nokkru ofan við yfirborð kvikasilfursins. Þegar flóðbylgjan kemur, hækkar kvikasilfrið í rörinu vegna hins aukna vatnspýstings yfir skálinni. Þegar kvikasilfrið hefur komið upp í hað rafmagnsvírsins, lokast straumrásin. Þegar flóðbylgjan hefur farið hjá, lækkar kvikasilfrið í rörinu og rýfur þannig straumrásina. Flóðbylgjuvarinn er því fyrst og fremst sjálfvirkur rofi. Það fer svo eftir aðstæðum á hverjum stað, hvernig bezt yrði að koma upplýsingunum frá þessum rofa til réttra aðila.

Þessum flóðbylgjuvara yrði að koma fyrir nokkuð langt ofan við stíflu, til þess að hann geri aðvart með hæfilega löngum fyrirvara. Ekki er mér kunnugt um neinar mælingar

á hraða prepahlaupa, en ég mundi reikna með, að hæfilegt væri að koma flóðbylgjuvaranum fyrir um 10km ofan við stíflu. Þá er reiknað með, að hægt sé að fá vitneskju um hlaupið með um klukkustundar fyrirvara.

Með þessu móti gæfist tækifæri til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr ístruflunum af völdum hlaupsins. Til dæmis væri æskilegt að minnka eða loka alveg fyrir rennslið i gegnum túrbínurnar, því að ísinn mundi þá síður bjappast að inntaksristunum, og auk þess mundi vatnsborð lönsins hakka. Flóðbylgjuvarinn mundi einnig gera mönnum kleift að komast að stíflunni, áður en hlaupið nær þangað. Það væri því hægt að fylgjast með hlaupinu og læra af reynslunni, hvernig bezt mundi verða að taka á móti næsta hlaupi.

Hugleiðingarnar hér að framan um rekstur aflstöðva til að minnka hættu af ístruflunum eiga við jafnt um Gönguskarðsárvirkjun sem um aðrar virkjanir. Hvað viðkemur Gönguskarðsá sérstaklega, má benda á, að botnlokan þar var frosin föst, og ís safnaðist stöðugt á inntaksristarnar. Rekstur stöðvarinnar yrði mun þegilegri og áhrif ístruflana minni, ef botnloka og inntaksristar væru hitaðar. Ég mun ekki dvelja frekar við það efni, þar sem ég reikna með, að Sigurður Thoroddsen verkfræðingur geri því full skil.

Áður en farið er að gera ráðstafanir til að hagræða


rekstri aflstööva pannig, að áhrif ístruflana yrðu sem minnst, þarf að gera ýtarlegar rannsóknir á því, hvernig slikum rekstri yrði bezt háttað. Ég er bjartsýnn á, að slikein rannsóknir muni geta leitt til rekstrarskipulags, sem minnki að verulegu leyti óþægindi af völdum ístruflana. Auk þess má búast við, að slikein rannsóknir leiði í ljós, hvernig bezt megi hanna yfirlögg, inntaksmannvirki og lón til að koma ísnum yfir stífluna.

Reykjavík 2. janúar 1963

*Gunnar Sigurðsson*  
Gunnar Sigurðsson

Skýrsla send:

Jakobi Gíslasyni  
Sigurjóni Rist  
Sigurði Thoroddsen



ÍSTRUFLUN Í GÖNGUSKARÐSÁ

FLÓÐBYLGJUVARI  
(TILLAGA)

Dr. Gunnar Sigurdsson, verkfr.  
Brautarholti 20 Reykjavík

Kvarði:	Dags.	Gert af:	Nr.
Enginn	18-12-62	GJ	104-01